

QVVS

QVVS

ARKITEKTUR VERKTÆKNI OG SKIPULAG

INNRETTINGAR INTERIORS

HÓTEL 101

GLER Í BERGVÍK GLASS IN BERGVÍK

BYGGINGARLISTARSTEFNA FYRIR REYKJAVÍKURBORG ARCHITECTURE POLICY FOR REYKJAVÍK

LIFANDI VINNUMHVERFI DYNAMIC WORK ENVIRONMENT

HRINGVEGUR UM HÖFUÐBORGARSVÆÐÐ A CONNECTING ROAD FOR THE CAPITAL AREA

VETNI Á ÍSLANDI HYDROGEN IN ICELAND

SENDIHERRABÚSTAÐUR Í BERLÍN EMBASSY RESIDENCE IN BERLIN



9 771022 950000

Lifandi vinnu- umhverfi

„New Work - New ways of thinking“

Einhvern veginn hefur tæknin og það frelsi sem fylgir netinu, þráðlausu símasambandi og auknu frelsi í viðskiptum ekki skilað sér að fullu í vinnuumhverfi hinnar almennu skrifstofu og fyrirtækja. Margir eru hræddir við að fella veggj skrifstofunnar og endurskipuleggja og breyta vinnulagi. Sérviska einstaklingsins stendur oft í vegi fyrir framþróun á vinnustað, á sama tíma á hann að vera í fyrirrými en jafnframt hluti af heild sem ber uppi fyrirtækið eða stofnunina. Innanhússarkiektinn þarf greinir fyrirtæki og starfsemi þess til að finna réttu lausnina og vænlegast er að tala við fulltrúa allra starfshópa og reyna að lesa starfsemi fyrirtækisins áður en hönnunarferlið hefst, það má líka segja að vinnu- aðstaða hvers og eins sé þar sem honum finnst best að vinna hverju


sinni, það getur verið í bílnum, úti í garði, á hótélherbergi eða við ákveðið skrifborð á ákveðnum stað.

Nýja skrifstofan „New Work“ nýtir fermetrana á annan hátt, samnýting vinnustöðva er eitt af því sem koma skal, starfsmaður getur unnið hvar sem er svo lengi sem hann hefur tengingu við netið, skrifstofur sem standa auðar dögum saman heyrast sögunni til. Það eru ekki eiginlegir veggir á milli vinnustöðva, frekar tilfinningaleg landamæri eða tákna- ræn, það er hópvinna og samvinna sem skiptir máli. Húsgögnin eru minni en fleiri, þau eru fjölnota og auðvelt að færa þau á milli, endur- raða eða bara klappa saman og setja út í horn. Húsgögnin þurfa að vera „ergonomísk“ í viðum skilningi þess orðs, létt, færanleg, stillanleg, samanklappanleg og fjölnota (multi

function). Uppröðun og „funktion“ á skrifstofunni á að vera hægt að breyta á skammri stundu, t.d. til að mynda aðstöðu fyrir hópvinnu eða skapa næði fyrir einhvern. Á sama tíma og einkarýmið er minkað er nauðsynlegt að auka sameiginlegt rými, þar sem hægt er að hafa fundi, hvíla huga og líkama, fá sér hressingu, lesa tímarit eða bara hringja einkasímtal. Að mörgu er að hyggja við hönnun opinna rýma bæði í sambandi við skipulag og vinnuvistfræði, þættir eins og loft- ræsting, lýsing og hljóðdempun eru mjög mikilvægir. Þetta fyrirkomulag hentar á mörgum vinnustöðum en það þarf oft hugarfarsbreytingu hjá bæði stjórnendum og starfs- mönnum. Þessi nýja hugsun leggur áherslu á hæfileika og þekkingarstig starfsmanna en ekki metorð eftir stærð skrifstofu eða skrifborðs. Stórar einstaklingsvinnustöðvar og lokuð skrifstofa eru ekki nauðsyn- legar, en það er heldur ekki úrelt. Það hvort henti opið eða lokað rými fer eftir eðli starfseminnar og það er ákvörðun sem tekin er í samvinnu við stjórnendur og starfs- menn.

Nýja skrifstofan á að koma til móts við allt þetta, í nútímafyrirtæki lokar einstaklingurinn sig ekki af, því

Spron, Seltjarnarnes, í grunmynd. Spron, Seltjarnarnes, plan.



upplýsingaflæði og samvinna verða stöðugt mikilvægari. Þessi nýja hugsun eða „New ways of thinking“ kemur fram víða í samfélaginu. Ný hugsun á sér stað í sveigjanlegu skólastarfi, þar sem kennarinn kýs að hafa mismunandi vinnustöðvar fyrir nemendurna þar sem bæði eru einstaklingsvinnustöðvar og hópvinna, vinna við tölvu, vinna á blað, vinna með vídeó o.s.f.r.v. Bankakerfið hefur hugsanlega breyst hvað mest undanfarin ár, og þar hafa múrar verið felldir í huglægum skilningi. Innanhússarkitektar eittA hafa í hönnun sinni á þremur útibúum Spron reynt að endurspegla þessa nýju hugsun í innréttingum og skipulagi. Múrarinn hafa verið felldir sjónrænt og allt skipulag aðlagð nýrri hugsun, þjónusta við viðskiptavininn er aðalatriðið, þjónustufulltrúinn er sýnilegur og öll starfsemin gagnsæ og laus við það vald sem áður var mjög áberandi í bönkunum.

Mikið er framleitt af húsgögnum með vinnuvistfræði að leiðarljósi, lykilorðið er „fjölbreytni“, það á að breyta um stellingu, standa, sitja og ganga, þannig er næsta stelling ávallt sú besta. Fjölbreytni getur verið margvísleg og á ekki bara við um vinnustellingar. Það er tilbreyting í að hitta vinnufélagana í 5 mín. eða kasta á nokkrar körfur. Tilbreytingin getur líka verið í hönnuninni, lifandi og skemmtilegt umhverfi er hvetjandi og gleðjandi.

Öll formlegheit eru að hverfa, setstellingar sem þóttu dónalegar fyrir nokkrum árum þykja skynsamlegar núna, sittu öfugur, sittu á stólarminum, settu lappirnar upp á borð, já, fáðu þér jafnvel rólu á skrifstofuna. Væri ekki huggulegt að sitja á litlum vinnufundi í rólu og róla sér fram og aftur eins og í gamla daga. Þegar fundir eru boðaðir verður sagt: viltu vera með eða komdu á rólu. ■



Útibú Spron Spönginni - Öformleg setgrúpa þjónustufulltrúa og viðskiptavinarins.



Útibú Spron Spönginni - Barinn undirstrikar afslöppuð viðskipti.



Útibú Spron Austurströnd - Þjónustufulltrúar sitja í framlínu. Húsgögn eru valin með breytileika að leiðarljósi, starfsmaður getur valið um að standa eða sitja við vinnu sína. Spron in Austurströnd - Employees forwards face front. Furniture chosen to be either sit or stand.